

Fálkasetur

– fundargerð -

21. fundur stjórnar Fálkaseturs Íslands haldinn á Þekkingarsetri Þingeyinga á Húsavík þann 26. febrúar 2016, kl. 17:00. Mættir eru Hjörleifur, Ari Páll, Sverrir og Aðalsteinn.

Í upphafi var minnst látins stjórnarmanns, Jóns Halldórs Guðmundssonar.

Gengið var til dagskrár.

1. Starfið 2015

Sótt var um í Náttúruverndarsjóð Pálma um hönnun og handrit að sýningu en umsókn hafnað. Að öðru leyti var hefðbundin fræðsludagskrá í Þjóðgarðinum. Langa ferðin féll niður. Þátttaka í fræðsluferðum var lítil í sumar og er það talið stafa af veðurfari og því að enginn fálki var við varp í Ásbyrgi.

2. Undirbúningur aðalfundar

Hjörleifur er hættur sem Þjóðgarðsvörður og því óljóst hver muni taka hans stöðu í stjórn Fálkaseturins. Ákveðið var að óska eftir fundi með svæðisráði norðursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs til að ræða framtíð félagsins. Einnig ákveðið að fresta aðalfund þar til nýr Þjóðgarðsvörður verður ráðinn.

3. Heimasíða Fálkaseturs

Heimasíðan hefur ekki verið uppfærð en það stendur til. Síðan mun breytast eitthvað við það. Rætt um að sleppa fréttakerfi á síðunni en setja frekar upp facebook glugga þar sem nýjasta frétt að facebooksíðu Fálkaseturs sést. Ara Páli falið að vinna við þessa uppfærslu.

4. Önnur mál

a. Hjörleifur gerði grein fyrir að hann væri hættur í stjórn og þakkaði stjórnarmönnum samstarfið.